

## Bernska. Hjá ömmu<sup>1</sup>

Á laugardögum kom ég seint heim, að loknum sex kennslustundum. Gangan heim þótti mér ekki fánýt iðja. Á göngunni hvarf ég á vit dásamlegra dagdrauma og allt, allt var mér kært. Ég þekkti auglýsingaspjöldin, steinana í húsunum, búðargluggana. Ég þekkti þetta allt á sérstakan hátt, afar persónulegan hátt og var alveg sannfærður um að ég sæi í því öllu hið einstaka, hið leyndardómsfulla, það sem við - fólkið köllum eðli hlutanna. Allt greyptist þetta í huga mér. Ef talað var um búð svo ég heyrði til mundi ég eftir auglýsingaskiltinu, gullnum, snjáðum stöfunum, rispunni í vinstra horninu, fallegu kassadömunni með uppsetta hárið; mundi andrúmsloftið sem búið hafði um sig við þessa búð og hvergi annars staðar. Ég bjó mér til mína eigin borg úr búðunum, andrúmsloftinu og auglýsingaspjöldum leikhúsanna. Enn í dag man ég þessa borg, finn fyrir henni og ann henni; finn fyrir henni eins og við finnum móðurilminn, angan af ástúð, orðum og brosi; ann henni vegna þess að þar óx ég úr grasi, var hamingjusamur, sorgmæddur og dreyminn, dreyminn á ástríðufullan og einstakan hátt.

Ég gekk alltaf eftir aðalgötunni, þar var flest fólkið.

Þessi laugardagur, sem mig langar til að segja frá, var í byrjun vors. Á þeim árstíma er loftið hérna ekki kyrrt og mjúkt eins og það sem liggur svo ljúft yfir friðsælli á og litlum dal í Mið-Rússlandi. Hér ríkir leikandi, léttur og áhyggjulaus andvari sem andar fjörgandi ástríðu. Ég var ekki annað en strákhnokki þegar þetta var og skildi fátt, en ég fann fyrir vorinu og af svalanum blómstraði ég og fékk roða í kinnarnar.

---

1 Þýðingin er gerð eftir Исаак Бабель, „Детство. У бабушки“, *Сочинения*, ritstj. А. Н. Пирожкова, 1. bindi, Moskva: Художественная литература, 1990, bls. 37–42.

Ég tók mér góðan tíma í gönguna. Ég rannsakaði gimsteinana í glugganum hjá skartgripasalanum, las auglýsingaspjöld leikhúsanna frá upphafi til enda, og einn daginn virti ég fyrir mér ljósbleikt lífstykki með löngum liðuðum sokkaböndum í búð madam Rósalí. Ég var í þann veginn að halda áfram leið minni þegar ég rakst á hávaxinn stúdent með mikið svart yfirvaraskegg. Hann brosti og spurði mig: „Ertu að læra?“ Ég fór hjá mér. Þá klappaði hann mér drýgindalega á öxlina og sagði yfirlætislega: „Haltu áfram í þessum anda, félagi. Þetta er gott hjá þér. Gangi þér vel!“ Svo skellti hann upp úr, snerist á hæli og gekk burt. Ég varð skelfilega vandræðalegur og staulaðist heim á leið án þess að skoða sýningargluggana hjá madam Rósalí frekar.

Þennan laugardag átti ég að vera hjá ömmu. Hún hafði sérherbergi, inn af eldhúsinu, alveg innst í íbúðinni. Í horni herbergisins stóð ofn; ömmu var alltaf kalt. Í herberginu var heitt og loftlaust, það fyllti mig alltaf trega og mig langaði til að rífa mig lausan, langaði til að komast út í frelsið.

Ég dró hafurtask mitt með mér heim til ömmu, bækurnar, nótnastatífið og fiðluna. Það var búíð að leggja á borð fyrir mig. Amma sat í horninu. Ég borðaði. Við þögðum. Hurðin var læst. Við vorum ein. Í matinn var hakkaður fiskur með piparrót (réttur sem er vel þess virði að snúast til gyðingdóms fyrir), feit og bragðmikil súpa, steikt kjöt með lauk, salat, niðursoðnir ávextir, kaffi, kaka og epli. Ég borðaði allt. Ég var sveimhugi, það er rétt, en ég hafði góða matarlyst. Amma tók af borðinu. Það varð fínt í herberginu. Í glugganum stóðu visin blóm. Af öllu því sem andann dregur lét amma sér annt um son sinn, sonarson sinn, hundinn Mímku og blóm. Og Mímka kom, hringaði sig saman á dívaninum og sofnaði samstundis. Hún var óttaleg svefnpurka, en sómahundur, góð, skynug, smávaxin og falleg. Mímka var af mopskyni. Hún var ljós á feldinn. Allt fram á efri ár fitnaði hún hvorki né varð þung á sér heldur var tíguleg og grannvaxin alla sína tíð. Hún fylgdi okkur lengi, frá fæðingu til dauðadags, öll sín fimmtán hundaár, og elskaði okkur, eins og við má búast, en mest af öllum elskaði hún þessa harðlyndu og afskiptalausú ömmu mína. Söguna af þögulli og leyndardómsfullri vináttu þeirra segi ég seinna. Það er ákaflega skemmtileg, áhrifamikil og falleg saga.

Sem sagt, við vorum þrjú – ég, amma og Mímí. Mímí svaf. Amma, góðleg, í sparikjól úr silki, sat í horninu, en ég varð að gera heima-

verkefnin. Þetta var strembinn dagur fyrir mig. Í skólanum voru sex kennslustundir, síðan áttu herra Sorokín, tónlistarkennarinn, og herra L., hebreskukennarinn, að koma heim til að taka mig í aukatíma, og þar á eftir kannski líka Peysson, frönskukennarinn, og ég varð að undirbúa mig fyrir tímana. Ég mundi spjara mig með herra L., við vorum gamlir kunningjar, en tónlistin, tónstigarnir – þvílík þjáning! Ég tók til við lærdóminn. Raðaði upp stílabókunum og fór að leysa heima-verkefnin af mikilli nákvæmni. Amma truflaði mig ekki, Guð forði því. Hún varð föl af lotningu og spennu yfir vinnu minni. Hún hafði ekki af mér gulgræn hringlótt augun. Ég fletti blaðsíðu – og þau fylgdu hendi minni eftir með hægð. Nærgöngult og fast augnaráð hennar hefði verið öðrum ofraun, en ég var vanur því.

Síðan hlýddi amma mér yfir. Það verður að segjast eins og er að hún talaði afleita rússnesku, hún bögglaði orðunum út úr sér á sinn sérstaka hátt, og blandaði saman rússnesku, pólsku og jiddísku. Hún var að sjálfsögðu ekki læs á rússnesku, og hélt bókinni á hvolfi. En það truflaði mig ekki í því að þylja upp glósumnar frá upphafi til enda. Amma hlustaði, án þess að skilja bofs, en hún hafði yndi af hljómfalli orðanna, hún bar lotningu fyrir vísindunum, trúði mér, trúði á mig og vildi að ég yrði „bogaty“<sup>2</sup> – en svo nefndi hún ríka menn. Ég lauk við að fara yfir glósumnar og byrjaði að lesa. Ég var þá að lesa „Fyrsta ástin“ eftir Túrgenev. Allt í sögunni heillaði mig, tær orðin, lýsingarnar, samtölin, en mest áhrif á mig hafði þó atriðið þegar faðir Vladímírs lemur Zinaídu á kinnina með svipunni. Ég heyrði þytinn í svipunni, mjúkt leðrið smaug inn í mig á augabragði, með snerpu og sársauka. Ég var gripinn ólýsanlegri geðshræringu. Á þessum stað varð ég að hætta lestrinum og fara að ganga um gólf. En amma sat hreyfingarlaus, og meira að segja heitt, höfugt loftið bærði ekki á sér, rétt eins og það fyndi að ég væri að lesa lexíurnar, og ekki mætti trufla mig. Það varð stöðugt heitara í herberginu. Mímka fór að hrjóta. Fram að því hafði verið þögn, spegiltær þögn, ekki heyrðist eitt einasta hljóð. Á því andartaki virtist mér allt svo óvenjulegt, og mig langaði að hlaupast á brott frá öllu, og samt verða um kyrrt að eilífu. Rökkvað herbergið, gul augu ömmu, líkami hennar, vafinn inn í sjal, samanhnipraður og

2 [Nafnorðið „bogaty“ (rússn. *богатырь*) þýðir á rússnesku „hetja“ eða „kappi“, en lýsingarorðið „bogatyj“ (rússn. *богатый*) þýðir „ríkur“. Þessi ruglingur á að sýna vankunnáttu ömmunnar í rússnesku. Aths. þýð.]

þögull í horninu, heitt loftið, lokuð hurðin, og högg svipunnar, nístandi þyturinn – það er ekki fyrr en núna að ég skil hvað þetta var skrýtið, hvað þetta hafði mikla þýðingu fyrir mig. Bjölluhringing vakti mig upp af þessu óþægilega ástandi. Sorokín var kominn. Ég hataði hann á þeirri stundu, hataði tónstigana, og þessa óskiljanlegu, óþörfu skræku tónlist. Það verður að viðurkennast, að Sorokín var prýðisnáungi, með svart burstaklippt hár, stórar rauðar hendur og fallegar þykkar varir. Þennan dag varð hann að vinna í heilan klukkutíma, eða jafnvel rúmlega það, undir augnaráði ömmu, og leggja sig allan fram. Fyrir allt þetta hlaut hann þó ekki nokkra viðurkenningu. Augu ömmu fylgdu hreyfingum hans eftir, köld og rannsakandi, og voru eftir sem áður áhugalaus og framandi gagnvart honum. Amma hafði ekki áhuga á utanaðkomandi fólki. Hún ætlaðist til þess að það uppfyllti skyldur sínar við okkur og ekkert annað. Við hófumst handa við lærdóminn. Þó að ég væri ekki hræddur við ömmu, mátti aumingja Sorokín í heilan klukkutíma þola raunir sem voru honum nánast ofviða. Honum leið afar sérkennilega í þessu afskekktu herbergi, frammi fyrir hundinum sem svaf svefni hinni réttlátu, og undir fjandsamlegu og kuldalegu eftirliti ömmu. Að lokum fór hann að tygja sig. Amma rétti honum áhugalaus stóra og hrukkótta hönd sína án þess að hrista hana. Hann gekk á stól á leiðinni út.

Ég þraukaði líka næsta klukkutíma – tímann hjá herra L., og beið þeirrar stundar þegar dyrnar lokuðust einnig á hæla honum.

Kvöldið kom. Á himninum kviknuðu fjarlæggar gylltar doppur. Máninn blindaði húsagarðinn okkar – þennan djúpa reit. Hjá nágrönnunum söng kvenrödd lagið „Hví er ég frávíta af ást“. Hinir í fjölskyldu okkar höfðu farið í leikhús. Ég varð dapur. Ég var þreyttur. Ég var búinn að lesa svo mikið, læra svo mikið, horfa svo mikið. Amma kveikti á lampanum. Á samri stundu varð allt hljótt í herberginu hennar. Daufur bjarmi féll á dökk, þung húsgögnin. Mímí vaknaði, trítlaði um herbergin, kom aftur til okkar og beið eftir kvöldmatnum. Þjónustustúlkan kom inn með samóvarinn. Amma hélt mikið upp á te. Hún hafði geymt kryddköku handa mér. Við fengum okkur vel að drekka. Í djúpum og skörpum hrukkum ömmu glitraði sviti. „Viltu fara að sofa?“ spurði hún. Og ég svaraði, „Nei.“ Við fórum að spjalla saman. Og enn einu sinni hlýddi ég á sögur ömmu. Endur fyrir löngu, fyrir mörgum árum, átti gyðingur nokkur krá. Hann var fátækur, kvæntur, bjó við

ómeð og seldi ólöglegan vodka. Komissarinn kom til hans og fór að angra hann. Lífið varð honum erfitt. Hann fór til prestsins og sagði: „Rabbíni, komissarinn gerir út af við mig. Biddu Guð að varðveita mig.“ „Farðu í friði,“ sagði presturinn við hann. „Komissarinn mun róast.“ Gyðingurinn hvarf á braut. Á leiðinni að kránni sinni gekk hann fram á komissarinn. Sá lá dauður á götunni með andlitið dreyrrautt og sollið.

Amma þagnaði. Samóvarinn suðaði. Nágrannakonan hélt áfram að syngja. Máninn blindaði allt. Mímí dillaði rófunni. Hún var svöng.

„Hér áður fyrr átti fólk sér trú,“ mælti amma mín. „Þá var jarðlífið einfaldara. Þegar ég var ung stúlka gerðu Pólverjar uppreisn. Við hliðina á okkur var óðal í eigu greifa. Sjálfur keisarinn kom og heimsótti greifann. Þeir skemmtu sér í sjö daga og sjö nætur. Á nóttunni hljóp ég að kastala greifans og horfði inn um upplýsta gluggana. Greifinn átti dóttur og heimsins fallegustu perlur. Svo var gerð uppreisn. Það komu hermenn og drógu hann út á torgið. Hermennirnir grófu gryfju. Þeir vildu binda fyrir augun á gamla manninum. Hann sagði: „Það er óþarfi,“ og tók sér stöðu frammi fyrir hermönnum og skipaði: „Skjótið.“ Greifinn var hávaxinn, gráhærður maður. Bændunum þótti vænt um hann. Þegar verið var að grafa hann, kom hraðboði á þeysispretti. Hann var með náðunarbréf frá keisaranum.“

Samóvarinn var orðinn kaldur. Amma drakk síðasta bollann af köldu teinu, og saug sykursmola í tannlausum munninum.

„Afi þinn,“ tók hún til máls, „kunni margar sögur, en hann var trúlaus með öllu, hann trúði bara á mennina. Hann lét vini sína hafa alla sína peninga, og þegar hann fór til að rukka þá, fleygðu þeir honum niður stigann, og hann gekk af vitinu.“

Og amma segir mér frá afa mínum, sem var hávaxinn, ástríðufullur maður, háðfugl og harðstjóri. Hann spilaði á fiðlu, sat við skriftir á nóttunni og kunni öll tungumál. Hann lét stýrast af óslökkvandi þekkingarþorsta og lífsþrá. Hershöfðingjadóttir varð ástfangin af eldri syni þeirra. Sá flakkaði mikið, stundaði fjárhættuspil og dó í Kanada 37 ára gamall. Amma átti þá ekkert eftir nema einn son og mig. Allt var þetta liðið. Dagur er kominn að kveldi og dauðinn nálgast hægum skrefum. Amma þagnar, hneigir höfuðið og grætur.

„Lærðu,“ segir hún allt í einu af þunga, „lærðu, og þú munt öðlast allt – frægð og frama. Þú verður að vita allt. Allir munu falla fram og

sýna þér auðmýkt. Allir verða að öfunda þig. Ekki treysta fólki. Ekki eignast vini. Ekki láta þá hafa peninga. Ekki gefa þeim hjarta þitt.“

Amma segir ekki fleira. Það er hljótt. Amma hugsar um horfna tíma og harma, hugsar um örlög mín, og strangt boðorð hennar leggst þungt – um aldir alda – á veikbyggðar barnsherðar mínar. Í dimmu horninu logar í glóandi heitum ofninum. Mér er heitt, ég næ ekki andanum, ég verð að hlaupa út undir bert loft, út í frelsið, en ég hef ekki þrek til að lyfta þungu höfðinu.

Í eldhúsinu glamrar í leirtaui. Amma fer þangað. Við erum að fara að borða. Fljótlega heyri ég járnharða og reiðilega rödd. Hún öskrar á þjónustustúlkuna. Ég er í senn undrandi og leiður. Það er ekki nema stutt stund síðan frá henni stafaði friði og sorg. Þjónustustúlkann snýr upp á sig. „Komdu þér út – leigubý“, drynur há röddin sem er ópolinmóð og full af heift. „Ég ræð hér húsum. Þú brýtur allt og bramlar. Burt með þig.“ Ég þoli ekki að hlusta á þetta ærandi öskur. Í gegnum hálflyktar dyrnar sé ég ömmu. Andlit hennar er spennt, neðrivörin titrar létt og vægðarlaust, hálsinn er þrúttinn eins og hann sé bólginn. Þjónustustúlkann svarar einhverju. „Út með þig“, sagði amma. Það verður hljótt. Þjónustan laut höfði og laumaðist hljóðlega út, rétt eins og hún óttaðist að særa þögnina.

Við snæðum í þögn. Við borðum nægju okkar, mikið og lengi. Gagnsæ augu ömmu eru hreyfingarlaus, og hvert þau horfa – veit ég ekki. Eftir kvöldmatinn ...<sup>3</sup>

Svo sé ég ekkert fleira, vegna þess að ég sef fast, sef svefni barnsins handan við innsiglin sjö í heitu herbergi ömmu.

Þýð. Rebekka Þráinsdóttir

---

3 Hér rofnar setningin. Lokamálsgreinin er skrifuð á annað blað. (*Aths. útgefanda*). [Síðasta orð þessarar rofnu setningar í frumtexta er „hún“ (rússn. *она*) – sem vísar til ömmunnar. Orðinu er sleppt hér því ómögulegt er að átta sig á hvaða sögn ætti að vera undanfari þess. Aths. þýð.]